

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2018

1804011SA SAS

Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2023,
494. mál**

Ný ríkisstjórn tók við völdum 30. nóvember sl. og lagði fram þingsályktunartillögu um fjármálastefnu í kjölfarið eins og lög um opinber fjármál mæla fyrir um. Þingsályktunartillaga um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022 var samþykkt á Alþingi þann 22. mars sl. Sambandið skilaði inn umsögn um þá þingsályktunartillögu þann 13. febrúar. Sú þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun sem hér er til umsagnar er byggð á þeirri fjármálastefnu.

Fjármálaáætlun og –stefna nýrrar ríkisstjórnar hljóta að vekja miklar eftirvæntingar. Þar er fjármálastefnu nýrrar ríkisstjórnar út kjörtímabilið lýst, gerð grein fyrir forgangsröðun verkefna og fjármögnun þeirra.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviði opinberra fjármála

Í 11. gr. laga um opinber fjármál er að finna ákvæði um samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga. Ber ráðherra að tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin um mótun fjármálastefnu og –áætlunar. Vettvangur samstarfsins hefur verið hin sk. Jónsmessunefnd, sbr. 128. gr. sveitarstjórnarlaga og undirnefnd hennar, Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál.

Lög um opinber fjármál hafa óneitanlega aukið og bætt samráð ríkis og sveitarfélaga um fjármál. Vitaskuld er um að ræða þróunarverkefni og vonir standa til að samráðið muni styrkjast enn frekar á næstu árum undir yfirstjórn Jónsmessunefndar. Í fyrirnefndu samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 6. apríl 2017 var kveðið á um að treysta samstarfið enn frekar. Meðal annars felst það í að endurskoða og efla samráðsnefnd um opinber fjármál. Ekki síður eru mikilvæg ákvæði um aðgerðaáætlun vegna svokallaðra grárra svæða, en þar er vísað til sviða opinberrar þjónustu þar sem ábyrgð og verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga eru óljós. Í framhaldi var síðan sett á laggirnar Samráðsnefnd um ábyrgðar- og verkaskiptingu í opinberri þjónustu með erindisbréfi. Væntir sambandið mikils af því starfi.

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga

Nýtt samkomulag um afkomu og efnahag sveitarfélaga var undirritað þann 6. apríl sl. Samkvæmt samkomulaginu er stefnt að því að heildarafkoma A-hluta sveitarfélaga verði jákvæð um sem nemur 0,2% af landsframleiðslu. Rekstur sveitarfélaga verði sjálfbær þannig að skuldir þeirra lækki sem hlutfall af landsframleiðslu. Eru þessi markmið þau hin sömu og standa í fjármálastefnunni.

Í 6. gr. samkomulagsins er kveðið á um verkefni sem ríki og sveitarfélög munu vinna að í sameiningu. Falla verkefnin í fimm meginflokkka. Eftirfarandi tafla sýnir helstu verkefni sem tiltekin eru í samkomulaginu.

Efnisflokkar	Helstu verkefni
Áætlanagerð og gögn	Bæta gögn um afkomu og áætlanir sem mynda forsendur fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. Í þeim tilgangi verður m.a. upplýsingaveita sveitarfélaga styrkt, fjárhags-áætlanagerð sveitarfélaga samræmd og framsetning fjárhagsupplýsinga löguð að fjármálareglum laga um opinber fjármál og sveitarstjórnarlaga.
Sjálfbær rekstur og þjónusta sveitarfélaga	Regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði endurskoðað og það veiti jákvæða hvata til sameiningar sveitarfélaga. Unnið áfram að athugun á hvort rekstur sveitarfélaga geti talist sjálfbær. Ríki og sveitarfélög vinni í sameiningu að bættum skattskilum og betri nýtingu bótagreiðslna.
Skýr verka- og ábyrgðarskipting í opinberri þjónustu	Aðgerðaráætlun vegna sviða þar sem þjónusta ríkis og sveitarfélaga skarast („gráu svæðin“). Viðræðum um framtíðarfyrirkomulag almennings-samgangna milli ríkis og landshlutasamtaka verði framhaldið og stutt verði við verkefnið um borgarlínu í samstarfi við SSH. Viðræður tekna upp um tekjustofna sveitarfélaga, m.a. um tilfærslu gistinguáttagjalds á kjörtímabilinu sbr. ákvæði í stjórnarsáttmála. Vinnuferli og framsetningarmáti kostnaðarmats laga og stjórnvaldsfyrirmæla verði mótað sem og ferli til að ákvarða fjármögnun þeirra.
Nýjungar og umbætur í opinberri starfsemi	Miðlæg þjónustugátt, island.is, verði þróuð áfram, en þar geta landsmenn nálgast þjónustu hins opinbera á einum stað og sinnt erindum er beinast að stjórnvöldum. Opinberir aðilar sameinist um að birta skjöl sem annars

	<p>hefði verið send í bréfpósti á island.is.</p> <p>Aðilar vinni í sameiningu að því að tryggja innviði fyrir stafræna þjónustu og samvirkni upplýsingatæknikerfa í gegnum stafræna stofnbraut.</p> <p>Kannað verið hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga hvernig staðið hefur verið að nýsköpun.</p>
Samráð um kjaramál	Samstarf og samráð um kjaramál verði elft.

FJÁRMÁLAÁÆTLUN 2019-2023

Áformaðar skattkerfisbreytingar

Í fjármálaáætluninni er getið níu skattkerfisbreytinga, auk yfirlýsingar um frekari aðgerðir gegn skattsvikum.

Tryggingagjald. Sambandið fagnar áformum um lækkun tryggingagjalds um 0,25 prósentustig. Laun og launatengd gjöld svara til rösklega 50% af tekjum A-hluta sveitarfélaga og því eru það umtalsverðir hagsmunir sveitarfélaga að tryggingagjald lækki. Atvinnutryggingagjald sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs er nú 1,35%. Almennt tryggingagjald er hins vegar 5,40%, en tekjur af því renna m.a. til fæðingarorlofssjóðs. Í kafla 29 um fjölskyldumál er lýst áformum um hækkun hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi úr 520 þús. kr. í 600 þús.kr. á mánuði. Jafnframt er því lýst yfir að í kjölfarið verði fæðingarorlof lengt. Þess er hins vegar ekki getið með hvaða hætti eigi að fjármagna þessa breytingu, en gera verður ráð fyrir að það verði með hækkun tryggingagjalds. Óvíst er því hver lækkun tryggingagjalds verður þegar upp er staðið.

Fjármagnstekjuskattur. Í tengslum við fjárlög 2018 var fjármagnstekjuskattur hækkaður úr 20% í 22%. Í fjármálaáætlun koma fram áform um endurskoðun er lúti að því að skattlagningin verði færð nær því að teljast raunskattlagning. Því má bæta við að nokkrar tilraunir í þá veru hafa verið gerðar en án árangurs. Raunskattlagning felur í sér að horft er framhjá áhrifum verðbólgu á skattstofn sem þá lækkar sem þeim áhrifum nemur. Ekki er ljóst hvort hækkun skattsins um 2 prósentustig og umrædd endurskoðun muni auka tekjur ríkissjóðs. Rétt er að geta þess að sveitarfélögin greiða töluverðan fjármagnstekjuskatt, t.d. af lánaviðskiptum milli A- og B-hluta sveitarsjóða.

Ný gjaldtaka á ferðaþjónustu, t.a.m. brottfarargjald, tekið upp. Álagning gjalda á ferðaþjónustutengda starfsemi hefur verið á dagskrá um langt skeið og umræðan farið í marga hringi. Í fjármálaáætlun 2018-2022 var boðað að

færa tiltekna ferðapjónustustarfsemi úr neðra í almennt þrep virðisaukaskattkerfisins. Af þeim áformum varð þó ekki. Í fyrirliggjandi fjármálaáætlun er hins vegar ýjað að margvíslegri nýrri gjaldtöku. Eina gjaldtakan sem nefnd er á nafn er álagning brottfarargjalds, en gert er ráð fyrir að hún verði tekin upp árið 2020 og skili ríkissjóði 2,5 ma.kr. tekjum. Reiknað er með að gjaldið muni nema u.þ.b. 1.000 kr. á hverja flugferð. Í fjármálaáætluninni kemur fram að erfitt gæti reynst að undanskilja innanlandsflug slíkri skattlagningu. Jafnframt kemur fram að samhliða innleiðingu á þessari gjaldtöku verði mótaðar aðgerðir til að eyða eða draga úr áhrifum hennar á innanlandsflug að teknu tilliti til ríkisstyrkjareglna EES-samningsins. Lægstu flugfargjöld til Akureyrar, Egilsstaðar og Ísafjarðar (netfargjöld) eru 8.375 kr. sem myndi hækka um nærfellt 12% við álagningu brottfarargjalds. Algengt fargjald er 12.900 kr. á flugferð, sem fæst með kaupum á flugfrelsi sem myndi hækka um 7,75% gangi þessi áform eftir án aðgerða til að milda áhrifin á innanlandsflug. Í stjórnarsáttmála er kveðið á um að unnið verði að því að gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðanna. Vafasamt er að áformað brottfarargjald muni bæta samkeppnisstöðu innanlandsflugsins.

Ábendingar um einstök málefnasvið

Alls eru málefnasviðin í fjármálaætluninni 34 að tölu og hverju þeirra er skipt í nokkra málaflokka. Flest málefnasvið áætlunarinnar hafa beinar eða óbeinar tengingar við sveitarfélögin. Í þessari umfjöllun verður farið yfir helstu atriðin sem sveitarfélögin varða og settar fram ábendingar.

Í fyrstu fjármálaáætluninni, þeirri sem tók til áranna 2018-2022, var kostnaður við flest verkefni metinn. Í umsögn sambandsins um þá áætlun var gagnrýnt að ekki væru öll verkefni kostnaðarmetin. Nú bregður hins vegar svo við að einungis er tilgreindur útgjaldarammi hvers málefnasviðs og engar upplýsingar um fyrirhuguð útgjöld vegna einstakra verkefna. Með þessu nýja lagi er erfiðara að gera sér grein fyrir forgangsröðun í áætluninni og meta hvort og í hvaða mæli sé ætlunin að standa við gefin loforð í einstökum málum. Þessi skortur á gegnsæi rýrir óneitanlega gildi fjármálaáætlunar. Það er auðvitað afar mikilvægt fyrir alla aðila að hafa nokkra vissu og væntingar um fjármögnun ýmissa verkefna úr ríkissjóði.

5. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Hagsmunir sveitarfélaga af skilvirku og réttlátu skattkerfi eru afar miklir. Mikilvægt er því að sveitarfélögin eigi aðkomu að aðgerðum sem lúta að aukinni skilvirkni skattkerfis. Þeirri aðkomu er heitið í fyrrnefndu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga, en þar er kveðið á um samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga sem miði að bættum skattskilum, m.a. með betra eftirliti

með skattaundanskotum og svartri atvinnustarfsemi, og betri nýtingu bótagreiðslna.

Skv. markmiðssetningu fyrir málaflökkinn „skattar og innheimta“ var innheimtukostnaður ríkissjóðs 550 m.kr. árið 2017 og stefnt að því að hann verði 10% lægri árið 2023, sbr. bls. 182. Rétt er í þessu sambandi að minna á að skv. 32. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 skulu sveitarfélögin greiða ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari í staðgreiðslu. Þessi innheimtupóknun nam á árinu 2017 um 930 m.kr. skv. bráðabirgðatölum. Sú fjárhæð er 380 m.kr. umfram kostnað ríkissjóðs við alla innheimtu.

Áhersluatriði sambandsins. Sveitarfélögin telja löngu tímabært að hefja viðræður við ríkið um lækkun innheimtupóknunar vegna útsvars, jafnframt því að sett verði sambærilegt markmið um lækkun innheimtukostnaðar sveitarfélaga.

6. Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Ný lög um persónuvernd munu taka gildi í lok maí á þessu ári. Sambandið vekur athygli á að innleiðing laganna verður mjög kostnaðarsöm. Mat sambandsins er að kostnaður sveitarfélaganna við innleiðingu löggjafarinnar muni losa 800 m.kr. og að árlegur rekstrarkostnaður gæti orðið tæplega 400 m.kr. Viðbúið er að kostnaður lítilla og meðalstórra sveitarfélaga verði hlutfallslega mikill. Hvorki liggur fyrir mat á kostnaði ríkisins vegna innleiðingarinnar né rekstrarkostnaður. Gera má ráð fyrir að kostnaður einstakra ríkisstofnana, ekki síst á sviði heilbrigðismála, verði umtalsverður, en þessa er hvergi getið í áætluninni.

Sambandið tekur undir áherslur í fjármálaáætluninni um þróun grunnskraá og á þau sóknarfæri sem nefnd eru um að fækka þeim sem hýsa og reka opinber upplýsingakerfi og tryggja þannig betur öryggi, hagkvæmni og gæði rafrænnar þjónustu. Persónuverndarlöggjöfin kallar mjög eftir þessu. Gott samstarf ríkis og sveitarfélaga er hér lykilatriði. Það þarf einnig að móta stefnu um að hversu miklu marki uppbygging grunnskraá á að fjármagnast með notkunargjöldum. Í því samhengi er lögð áhersla á að sveitarfélögin greiði ekki gjöld fyrir aðgang að upplýsingum sem þau sjálf sjá um að skrá og viðhalda í samvinnu við ríkisstofnanir.

Að mati sambandsins er það forgangsmál að ríki og sveitarfélög taki upp samvinnu um einföldun framfærslukerfa, ásamt greiningu á víxlverkun og samspili ólíkra bótakerfa. Slík þróun er forsenda þess að tryggja sem best að opinber framfærslustuðningur renni til þeirra sem þurfa á honum að halda. Sveitarfélögin gegna stóru hlutverki í þessu sambandi, en árið 2016 námu útgjöld sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar um 3,7 ma.kr. og viðtakendur voru um 5.900 heimili. Vísað er í þessu sambandi til fyrrnefnds samkomulags ríkis og sveitarfélaga þar sem m.a. er sammælt um betri nýtingu bótagreiðslna.

Sambandið fagnar nýrri rafrænni samráðsgátt stjórnvalda. Væntir sambandið þess að þessi gátt muni stuðla að bættum vinnubrögðum og þá ekki síst gagnvart mati á kostnaði sveitarfélaga vegna stjórnvaldsákvarðana.

Áhersluatriði sambandsins. Sambandið komi að einföldun framfærslukerfa. Komið verði til móts við sveitarfélögin vegna mikils kostnaðar af persónuverndarlöggjöf.

8. Sveitarfélög og byggðamál

Í fjármálaáætluninni er málaflokkurinn sveitarfélög skilgreindur þröngt og tekur eingöngu til beinna framlaga ríkisins. Greinist málaflokkurinn því í tvo sjóði: Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skipulagssjóð. Þetta er óneitanlega mjög þröng skilgreining sem kemur í veg fyrir heildstæða stefnumörkun í málaflokknum.

Sambandið fagnar áformum um langtímastefnumörkun fyrir sveitarfélög og aðgerðaáætlun sem reifuð er í fjármálaáætlun og fram kom í skýrslu um stöðu sveitarfélaga. En hér bregður svo við að engin tímaáætlun er sett fram um þetta mikilvæga verkefni.

Umfjöllun um byggðamál er einnig rýr í roðinu. Sóknaráætlanir landshluta hafa verið mikilvægur þáttur byggðastefnu á undanförunum árum. Um þær er aðeins fjallað lítillega í áætluninni. Segir á blaðsíðu 205 „Unnið verður að því að styrkja lýðræðislega aðkomu íbúa að ákvörðunum um byggðamál í gegnum sóknaráætlun landshluta.“ Samningar milli ríkisins og landhlutasamtaka um sóknaráætlanir landshluta renna út árið 2019. Það gefur auga leið hversu mikilvægt er fyrir framgang sóknaráætlana landshluta að ganga megi að fjármögnun til lengri tíma vísri. Sambandið leggur þunga áherslu á að auknu fjármagni verði veitt til sóknaráætlana, sem að mati ríkis og sveitarfélaga hafa tekist með ágætum. Í því samhengi er jafnframt tilefni til þess að horfa til áherslna sem settar verða fram í áfangastaðaáætlunum, sem nú er verið að leggja lokahönd á í öllum landshlutum, en þess má vænta að í þeim áætlunum verði tillögur að verkefnum til þess að styrkja innviði ferðaþjónustu innan viðkomandi landshluta.

Áhersluatriði sambandsins. Auknu fjármagni verði varið til sóknaráætlana.

11. Samgöngu- og fjarskiptamál

Sveitarfélög landsins eiga mikið undir greiðum samgöngum og góðum fjarskiptum.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er vikið að verkefni um Borgarlínu og að möguleikar á samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu verði skoðaðir. Í engu er vikið að þessu stóra verkefni í fjármálaáætlun en aðkoma ríkisins hlýtur að vera grunnforsenda þess að af því verði.

Samningar milli Vegagerðarinnar og landshlutasamtaka sveitarfélaga um almenningssamgöngur renna að óbreyttu út um næstu áramót. Mikilvægt

er því að mótuð sé skýr afstaða til þessa samstarfsverkefnis ríkis og sveitarfélaga. Að raungildi hafa framlög ríkisins sem reidd eru fram vegna samninganna lækkað verulega, ásamt því að landshlutasamtökin hafa orðið að sæta tekjuskerðingu vegna þess að einkaréttur þeirra til aksturs á tilteknum leiðum hefur ekki notið nægilegrar verndar. Fyrir vikið hefur rekstur almenningssamgangna reynst þungur. Gera verður kröfu um að fjárframlög vegna þessa verkefnis verði aukin verulega. Vert er að árétta að óvissa um framhald verkefnisins er til þess fallin að grafa undan forsendum verkefnisins enda er vel þekkt að lengd samninga við verktaka um akstur almenningssvagna hefur mikil áhrif á verð í útboðum.

Þá er einnig ástæða til þess að vekja athygli á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í dreifbýli, en frumvarpsákvæði þar að lútandi hefur að undanfögnu verið til umfjöllunar í velferðarnefnd Alþingis og er nýorðið að lögum. Ráðgert er að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái hlutverk við útdeilingu fjármuna, með hliðstæðum hætti og gert er varðandi skólaakstur úr dreifbýli. Hér er öðrum þræði um nýtt verkefni að ræða og sérstaklega tekið fram í álit og breytingartillögu velferðarnefndar að fjalla þurfi um kostnaðarskiptingu vegna þjónustunnar. Í heild er ekki um mjög háar fjárhæðir að tefla en þjónustan getur reynst fámennum en landmiklum sveitarfélögum mjög íþyngjandi. Er það meginástæða þess að ráðgert er að fela jöfnunarsjóði að úthluta framlögum vegna akstursins.

Samkvæmt hafnalögum er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Beðið er reglugerðar sem útfæra á aðkomu ríkisins nánar, en í Fjármálaáætlun 2018-2022 var tekið fram að reglugerðarsmið skyldi lokið 2017. Hafnaframkvæmdir hafa legið í láginni um langt skeið og viðhald setið á hakanum. Það eru vissulega nokkur vonbrigði að í fjármálaáætlun sé ekki stefnt að auknum framlögum til hafnaframkvæmda.

Í stjórnarsáttmála er því heitið að unnið verði að því að innanlandsflug verði hagkvæmari kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Í því sambandi hefur m.a. verið vísað til fyrirkomulags í Skotlandi og víðar. Þessa sést hvergi stað í fjármálaáætluninni og ekki verður séð að álagning bottfarargjalds muni án mildandi aðgerða gera innanlandsflugið fýsilegra fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Áhersluatriði sambandsins. Hraða þarf endurskoðun samninga við landshlutasamtök um almenningssamgöngur og verja til þeirra auknu fjármagni úr ríkissjóði. Auka þarf fjárframlög til hafnabótasjóðs og gera þarf ráð fyrir nýju fjármagni til jöfnunarframlaga vegna akstursþjónustu í dreifbýli.

14. Ferðapjónusta

Málefнасviðið ferðapjónusta í fjármálaáætlun hefur verið endurskilgreint og aukið. Við stjórnarsýslu ferðamála og rannsókna, þróunar og nýköpunar í greininni hefur verið bætt vöktun og eftirliti með þróun starfsemi ferðapjónustu og innviðauppbýggingu, markaðsstarfi o.fl. Hér hefði mátt koma til enn heildstæðari nálgun á þetta mikilvæga málefnasvið svo sem varðandi kerfislæga áhættu sem fylgt getur of miklum vexti ferðapjónustunnar. Aðra mikilvæga þætti ferðapjónustu er að finna undir umhverfismálum og skattamálum.

Sambandið leggur sem fyrr áherslu á að sveitarfélögum verði tryggðar auknar tekjur til að mæta útgjöldum vegna ferðapjónustu. Telur sambandið mikilvægt að fá úr því skorið hvernig ríkisstjórnin hyggst standa að því að færa gistináttgjald yfir til sveitarfélaganna. Sambandið minnir á að tekjur af gistináttaskatti renna víða um lönd til sveitarfélaga en ekki ríkisins. Þá hefur ríkið fundið nýja möguleika til tekjuöflunar af ferðapjónustu með brottfarargjaldi og gæti þess vegna eftirlátið sveitarfélögum allar tekjur af gistináttaskatta umbúðalaust. Reiknað er með að brottfarargjaldið muni skila ríkissjóði um 2,5 ma.kr., en áætlað er að tekjur af gistináttgjaldi muni nema 1,4 ma.kr. á þessu ári.

Útgjaldarammi málefnasviðsins í fjármálaáætlun 2019-2023 reynist töluvert lægri en sá rammi sem markaður var í áætlun 2018-2022. Munurinn er 6,7% árið 2019 en mun aukast eftir því sem á tímabilið líður og nemur nærfellt fjórðungi árið 2022. Engar vísbendingar er að finna í áætluninni um hvað þessu veldur.

Áhersluatriði sambandsins. Gistináttgjald renni til sveitarfélaga þegar á næsta ári. Samið verði um skiptingu milli sveitarfélaga.

15. Orkumál

Í stjórnarsáttmála koma fram áform um að á kjörtímabilinu verði sett orkustefna til langs tíma. Sambandið fagnar þeim fyrirætlunum og væntir þess að samráð verði haft við sveitarfélögin um stefnumörkunina. Í fjármálaáætlun kemur fram að þessi vinna skuli eiga sér stað árin 2019- 2020.

Sambandið ítrekar þá gagnrýni sína að ekkert er fjallað um mótun stefnu um vindorkuver en í stjórnarsáttmála er boðuð lagasetning um vindorkuver. Sambandið telur mikilvægt að starfshópur sem greina á lagaumhverfi um vindorkuver ljúki störfum sem fyrst. Mótun stefnu um þetta mál þolir vart að beðið sé eftir boðaðri langtímaorkustefnu.

Sambandið hefur kallað eftir því að sveitarfélögum verði tryggðar sanngjarnar tekjur af hvers konar orkumannvirkjum, þ.á m. vindorkuverum og raflinum. Starfshópur helstu haghafa skilaði skýrslu í mars 2017 þar sem sjónarmið voru reifuð auk þess sem Þjóðskrá hefur unnið að ákveðnum

þáttum máls. Áherslur sambandsins hafa fengið jákvæðar undirtektir af hálfu fjármálaráðuneytis og orkufyrirtækja. Mikilvægt er að þessari vinnu verði hraðað. Markmiðið er ekki síst að stuðla að betri sátt um vinnslu og flutning raforku.

Áhersluatriði sambandsins. Greiningu á lagaumhverfi vindorkuvera ljúki sem fyrst, með beinum tillögum um endurskoðun skattlagningu orkumannvirkja.

17. Umhverfismál

Gert er ráð fyrir að samtals 6,8 ma.kr. fari í aukin verkefni tengd loftslagsmálum yfir tímabilið. Annars vegar er gert ráð fyrir innleiðingu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum fyrir Ísland til ársins 2030 og hins vegar er gert ráð fyrir að ráðist verði í verkefni tengd nýsköpun, rannsóknum, fræðslu og vitundarvakningu auk annarra sértækra aðgerða í tengslum við loftslagsmál. Þessum útgjaldaauka verður að mestu mætt með innheimtu umhverfisgjalda.

Aðrar helstu útgjaldabreytingar á málefnasviðinu felast í aðgerðum til að tryggja að nýting lands sé sjálfbær, meðal annars samfara auknu álagi vegna fjölgunar ferðamanna. Gert er ráð fyrir að samtals 7,5 ma.kr. fari í aukin verkefni til að tryggja verndun náttúrufarslegra verðmæta og sjálfbæra nýtingu. Megináhersla verður á stjórnun nýtingar á viðkvæmum og mikilvægum svæðum með uppbyggingu innviða á áfangastöðum og verndarsvæðum ásamt aukinni landvörslu og uppbyggingu þjóðgarðs á miðhálandinu. Í umfjöllun um þingsályktunartillögu um landsáætlun um uppbyggingu innviða í þágu náttúru og menningarminja hefur nokkuð verið rætt um að þörf sé á að verkefnaáætlun landsáætlunar sæti árlegri endurskoðun og tekur sambandið undir það sjónarmið. Ljóst er að sú vinna úrheimtir auknar fjárheimildir til málaflokksins. Einnig er mikilvægt að ná góðri tengingu á milli landsáætlunar og vinnu við gerð náttúruvinnjaskrár, enda blasir við að aukinn ferðamannastraumur kallar víða á friðlýsingu náttúruperlana.

Í kaflanum kemur fram að unnið er að endurskoðun stefnu og markmiða fyrir úrgang. Megintilgangur er að stíga ákveðin skref í innleiðingu hringrásarhagkerfisins þar sem markvisst er komið í veg fyrir myndun úrgangs hér á landi og stuðlað að betri meðhöndlun þess úrgangs sem myndast. Liður í þessari vinnu er að endurskoða stefnu og markmið fyrir endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs, sem ber úrvinnslu- og/eða skilagjald, fyrir árslok 2019. Endurskoðun markmiðasetningar fyrir úrgang sem ber úrvinnslu- og/eða skilagjald á að leiða til þess að meira magn úrgangs skili sér til endurvinnslu og endurnýtingar. Þannig minnkar hlutfall óendurvinnanlegs úrgangs af heildarúrgangi. Jafnframt verður unnið að framkvæmd aðgerðaáætlunar um plast.

Varðandi úrgangsmál vill sambandið vekja athygli á því að stjórn sambandsins samþykkti árið 2016 áherslu í úrgangsmálum. Þar er lögð mikil áhersla á að efla samstarf milli ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum og bæta tölfræðiupplýsingar um úrgang. Kallað er eftir því að vandað verði til stefnumótunar ríkisins í málaflokknum. Við gerð tillagna um stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum skuli leggja mat á hvort tillögur hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á nýtingu innviða til úrgangsmeðhöndlunar og hvort þær kalli á nýjar fjárfestingar í innviðum.

Í kaflanum er hvergi vikið að fráveitum sem sannarlega eru þó mikilvæg umhverfinu. Sveitarfélögin hafa alltof lengi beðið eftir því að vinnu við endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp verði lokið. Þegar niðurstaða í þeirri vinnu liggur fyrir leggur sambandið áherslu á að uppbyggingu fráveitumannvirkja verði hraðað, m.a. með því að endurgreiða sveitarfélögum VSK af framkvæmdum við fráveitumannvirki. Mikilvægt er að viðræður hefjist milli ríkis og sveitarfélaga um þessa uppbyggingu sem fyrst, en málið er ekki síst knýjandi vegna fjölgunar erlendra ferðamanna.

Í umfjöllun um varnir gegn náttúruvá kemur fram það markmið að ljúka sex framkvæmdaverkefnum fram til ársins 2023. Í töflu á bls. 273 kemur fram að fjárframlög til varna gegn náttúruvá lækka að raungildi á gildistíma fjármálaáætlunar. Sambandið telur þennan málaflokk hafa of lengi þurft að sæta hagræðingarkröfu og að tilefni sé til þess að hækka fjárheimildir til framkvæmdaverkefna og fjölga þá jafnframt verkefnum.

Áhersluatriði sambandsins. Fjármagni verði veitt til þess að niurgreiða fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. Framkvæmdum við ofanflóðavarnir verði jafnframt hraðað.

18. Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Sambandið leggur áherslu á að þeir menningar- og uppbyggingarsjóðir sem helst styðja við söfn og menningarstofnanir á landsbyggðinni verði eflir með auknum fjárveitingum úr ríkissjóði. Sveitarfélögin reka áhugaverð söfn og sýningasetur vítt og breitt um landið. Til þess að stuðla að eflingu þeirra þarf að veita auknu fjármagni í safnasjóð, en hann hefur það hlutverk að efla starfsemi safna. Fjöldun ferðamanna kallar á margvíslega menningartengda ferðapjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Ríkið styður best við þessa starfsemi með auknum fjárframlögum til uppbyggingarsjóða á landsbyggðinni, sem eru hluti sóknaráætlana landshluta. Tilfærsla gistináttaskatts frá ríki til sveitarfélaga gæti einnig stuðlað að þessu markmiði.

Til þess að bæta verndun menningarminja og aðgengi almennings að þeim þarf að veita auknu fjármagni til húsafriðunarsjóðs og fornleifasjóðs, svo þeir sjóðir geti staðið með myndarbrag undir hlutverki sínu í verndun og miðlun menningararfsins.

Áhersluatriði sambandsins. Auknu fjármagni verði veitt til sjóða á sviðinu, s.s. safnasjóðs, húsfriðunarsjóðs og fornleifasjóðs.

20. Framhaldsskólastig

Mikilvægt er að lagt verði aukið fjármagn í sérfræðipjónustu og stuðning við nemendur í framhaldsskólum og auka þannig samfellu milli grunnskóla og framhaldsskóla. Stoðþjónusta í framhaldsskólum þarf að vera samræmdari en nú er. Hún þarf að lúta að mun víðtækari stuðningi við nemendur en skimun fyrir brotthvarfi eða kennslu nemenda með sérþarfir á aðgreindum starfsbrautum og ætti hún að taka mið af framkvæmd sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Sérstaklega þarf að huga að nemendum af erlendum uppruna en brottfall meðal þeirra er verulegt áhyggjuefni.

Einnig væri ástæða til að nýta betur möguleika fjarkennslu og jafna þannig aðgengi nemenda að fjölbreyttu námsframboði.

Samningur milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðu nemenda til tónlistarnáms rennur út í lok þessa árs. Markmið samningsins er að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi óháð búsetu. Samningurinn heyrir undir málefnasvið 20. Fagna ber því að nú liggja fyrir drög að nýjum samningi sem taka á til árunna 2019 til 2021.

Áhersluatriði sambandsins. Efla þarf sérfræðipjónustu í framhaldsskólum og gera hana víðtækari. Ljúka þarf gerð samnings um tónlistarfræðslu.

21. Háskólastig

Sambandið tekur eindregið undir áherslur um að efla kennaramenntun, með skóla fyrir alla á öllum skólastigum að leiðarljósi. Öflugra kennaranám í takt við þarfir samfélagsins er þáttur í að hvetja til nýsköpunar og þróunar á öllum skólastigum í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Meðalaldur kennara hér á landi fer hækkandi, brotthvarf úr starfi er mikið og nýliðun ónóg. Það er afar brýnt að vinna bug á þessum vanda með því að laða ungt fólk, bæði karla og konur, að kennaranámi til að auka gæði menntunar á öllum skólastigum. Markmiðið þarf að vera að tryggja að kennarar verði sem best undirbúnir undir störf á vettvangi en liður í því er að efla vettvangsnám og skipuleggja leiðsögn nýrra kennara á fyrstu árum þeirra í starfi. Þýðingarmikið er jafnframt í þessu samhengi að endurskoða reglur um gildissvið leyfisbréfa kennara.

Í fjármálaáætlun kemur fram að endurskoða eigi reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) með áherslu á samfélagslegt hlutverk sjóðsins. Sambandið leggur áherslu á að nýta þá endurskoðun til þess að koma inn hvötum til fjölgunar kennaranema og jafna aðstöðumun nemenda eftir búsetu. Þannig mætti skoða að styrkja sérstaklega (að norskri fyrirmynd)

nýútskrifaða kennara sem flytja út á land til staða þar sem kennaraskortur er tilfinnanlegur, setjast þar að og hefja sinn starfsferil.

Áhersluatriði sambandsins. Mikilvægt er að efla kennaramenntun. Við endurskoðun á reglum LÍN þarf að kanna kosti þess að koma að hvötum til að fjölga kennaranemum.

22. Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála

Sambandið tekur í meginatriðum undir þær áherslur sem settar eru fram í fjármálaáætluninni á þessu málefnasviði.

Undir þetta málefnasvið heyra þau skólastig sem sveitarfélögin annast, þ.e. leik- og grunnskólastig. Tilgreint er réttilega í umfjölluninni að ríkið leggi grunnskólum til námsgögn skv. tímabundnu samkomulagi um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 2011, er Námsgagnasjóður þó tímabundið á forræði sveitarfélaga. Rétt er að halda því til haga að Endurmenntunarsjóður grunnskóla, sem heyrir einnig undir verksvið ríkisins, skv. grunnskólalögum, er hluti af sama samkomulagi. Sambandið minnir á að framlög ríkisins til sjóðsins hafa rýrnað mikið að raungildi frá yfirfærslu grunnskólans árið 1996.

Í umræðu um málefni leik- og grunnskóla telur sambandið mikilvægt að horfa til þeirrar stefnu sambandsins að halda í styrkleika skólakerfisins ásamt því að bæta úr veikleikum þess. Liður í því er að leggja aukna áherslu á árangur í skólastarfi. Ekki síður vill sambandið taka undir að endurskoða þurfi fjármögnunarkerfi til skólastarfs og vinna að skilgreiningu á lánmarksþjónustu og þjónustusvæðum.

Sambandið leggur m.a. þunga áherslu á að unnið verði markvisst að því að fækka gráum svæðum á sviði skólamála og velferðarþjónustu og fagnar áhuga ráðherra núverandi ríkisstjórnar á því verkefni. Forgangsmál er að stytta biðtíma vegna greininga, meðferðar og þjálfunar sem nemendum er vísað á innan heilbrigðiskerfisins, svo börn fái notið skólagöngu sinnar lögum samkvæmt. Afar þýðingarmikið er, í þessu samhengi, að bæta þjónustu við börn og ungmenni sem glíma við geðræn vandamál en einnig börn sem glíma við fíknivanda, sem því miður er vaxandi áhættuhópur. Langur biðtími nemenda í þörf fyrir greiningar og sérfræðiþjónustu heilbrigðisstofnana/-stétta stríðir gegn réttindum barna. Sambandið fagnar í því sambandi áformum um að efla göngudeild Barna- og unglingsgeðdeildar (BUGL), sem frá er skýrt í kaflanum málefnasvið 23 Sjúkrahúsþjónusta.

Sambandið leggur áherslu á að skoða þarf allt nám fram að lokum framhaldsskóla í heildarsamhengi og telur tækifæri vera til þess að stytta heildarnámstíma til loka framhaldsskóla um eitt ár til viðbótar við þá styttingu sem þegar er orðin. Um þessar breytingar þarf að ná samstöðu meðal stjórnvalda og innan skólasamfélagsins.

Breyting á inntaki samræmdra könnunarprófa í 4.,7. og 9. bekk grunnskóla er að mati sambandsins mikilvæg aðgerð. Afstaða sambandsins er sú að samræmd próf eru gagnleg fyrir grunnskóla, nemendur og foreldra til að meta stöðu einstakra nemenda og skóla en að þau séu síður til þess fallin að ráða innritun nemenda í framhaldsskóla.

Áhersluatriði sambandsins. Efla þarf Endurmenntunarsjóð grunnskóla. Forgangsmál er að stytta biðtíma vegna greininga, meðferðar og þjálfunar innan heilbrigðiskerfisins, svo börn fái notið skólagöngu sinnar lögum samkvæmt.

23.-25. Heilbrigðis- og endurhæfingarpjónusta

Meðal áskorana á þessum málefnasviðum eru óskýr skil ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga sem geta dregið úr skilvirkni þjónustunnar og hagkvæmri nýtingu fjármuna. Afar mikilvægt er að ríki og sveitarfélög geti t.d. deilt ábata af því þegar hægt er að finna ódýrari lausn en hjúkrunarrými á spítala, s.s. fyrir fólk í öndunarvélum og aðra langveika sjúklinga, þannig að fjármunir fylgi sjúklingum til sveitarfélaga sem taka að sér umönnun slíkra sjúklinga. Með slíkri samvinnu skapast tækifæri til að vinna á svonefndum fráflæðisvanda frá sjúkrahúsum. Í þeirri umræðu þarf sérstaklega að huga að úrræðum fyrir hóp sem gjarnan er nefndur „ungt fólk á hjúkrunarheimilum“ en algerlega óboðlegt er að bjóða þessum einstaklingum vistun á hjúkrunarheimilum til langframa.

Einnig þarf að tryggja að fjármagn vegna hjúkrunar eða heilbrigðisumönnunar skili sér inn í NPA-samninga. Á meðan tregða er til þess af hálfu ríkisins mun áfram ganga hægt að innleiða notendastýrða persónulega aðstoð sem þjónustuform.

Hagræðing í heilbrigðiskerfinu hefur á undanförunum árum valdið árekstrum milli ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin reka um 20 hjúkrunarheimili á daggjöldum frá ríkinu samkvæmt samningum. Rammasamningur milli hjúkrunarheimila og ríkisins var gerður í fyrra sem fól m.a. í sér nokkra hækkun daggjalda. Engu að síður eru mörg sveitarfélög að greiða umtalsverða fjármuni með þessum rekstri, eða alls um milljarð króna á ári.

Mikilvægt er að tekið verði með heildstæðum hætti á þessum málum þannig að skil ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga verði skýr. Vert er að nefna í því samhengi að velferðarráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands hafa sýnt mikinn ósveigjanleika gagnvart óskum rekstraraðila hjúkrunarheimila um að fá undanþágur frá kröfulýsingu skv. nýja rammasamningnum. Sömu aðilar hafa ekki fallist á að kröfulýsingin verði kostnaðarmetin.

Mikil þörf er fyrir hjúkrunarheimili og því ber að fagna áformum um fjölgun um rýma um 550 á gildistíma áætlunarinnar. Í ljósi breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar má hins vegar efast um að nóg sé að gert,

en fólki um og yfir átrætt mun fjölga einkar hratt við lok áætlunartímabilsins gangi spár eftir.

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2014-2018 er lagt til að sjúkraflutningar færast frá ríki til sveitarfélaga. Sambandið saknar þess að ekki er að finna í áætluninni áform um að kanna kosti og galla slíkrar verkaskiptabreytingar. Að áliti sambandsins væri með því hægt að efla starfsemi slökkviliða og auka um leið öryggi almennings víða um land.

Áhersluatriði sambandsins. Fjármunir fylgi sjúklingum sem fara af hjúkrunarrými á sjúkrahúsum á hjúkrunarheimili. Fjármagn vegna heilbrigðisumönnunar skili sér inn í NPA-samninga. Kröfulýsing í rammamningi um hjúkrunarheimili verði kostnaðarmetin. Kallað er eftir athugun á fýsisleika þess að færa sjúkraflutninga frá ríki til sveitarfélaga.

27. Örorka og málefni fatlaðs fólks

Eins og kunnugt er samþykkt Alþingi nýlega frumvarp til nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Lagasetningin ætti að skýra línur um ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks, s.s. varðandi fjármögnun lengdrar viðveru fatlaðra barna. Í velferðarráðuneytinu eru nú unnið að gerð reglugerða um frekari útfærslu laganna. Einnig má nefna ábyrgð á fjármögnun lengdrar viðveru fatlaðra skólubarna og þannig mætti áfram telja.

Sambandið minnir á að Framkvæmdasjóður fatlaðra var starfræktur fram til loka árs 2010 þegar hann var lagður niður samhliða yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Á starfstíma sínum hafði sjóðurinn yfir verulegu fjármagni að ráða. Í hlutfalli við umfang málaflokksins í dag myndi ráðstöfunarfjármagnið að líkindum leggja sig á 1,5 til 2 ma.kr. árlega. Að hluta til hafa þessi verkefni færst yfir á Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en önnur verkefni sjóðsins féllu niður, þar á meðal aðgengismál.

Að afloknu endurmati á yfirfærslunni var það skýr niðurstaða sambandsins að niðurlagning framkvæmdasjóðsins hefði verið misráðin og skilið eftir eyðu í kerfinu sem allar götur síðan hafi bitnað á uppbyggingu í málaflokknum. Í umsögn sambandsins um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er það afdráttarlaus afstaða sambandsins að endurreisn sjóðsins sé forsenda þess að ný lagaskylda um verulega íþyngjandi ráðstafanir vegna starfsmanna með skerta starfsgetu taki gildi gagnvart opinberum aðilum.

Endurmat á faglegum og fjárhagslegum forsendum yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk leiddi í ljós að ýmsum verkefnum er ólokið í málaflokknum. Má þar m.a. nefna að ýmis búsetuúrræði sem eitt sinn þóttu ásættanleg fullnægja á engan hátt þeim kröfum sem gerðar eru í dag. Mikilvægt er að

góð samvinna takist milli ríkis og sveitarfélaga um að leysa slík mál sem fyrst en til þess mun þurfa nýja fjármuni inn í málaflokkinn.

Áhersluatriði sambandsins. Endurreisa þarf Framkvæmdasjóð fatlaðra. Endurskoða ber ramma um uppbyggingu og fjármögnun búsetuúrræða fyrir fatlað fólk.

29. Fjölskyldumál

Samband íslenskra sveitarfélaga er í meginatriðum sammála þeim áherslum sem fram koma í kaflanum sem flest eru nokkuð almenns eðlis. Sambandið tekur undir áform um að einfalda bótakerfi og breytingar á persónuafslætti þannig að stuðningur við tekjulágar fjölskyldur, ekki síst barnafjölskyldur, verði skilvirkari. Minnt er á umfangsmiklar skyldur sveitarfélaga við þessa hópa og nauðsyn á samstarfi milli sveitarfélaga og ríkis á þessu sviði.

Hámarks fæðingarorlofsgreiðsla hækkar upp í 600 þús.kr. þegar á þessu ári. Sambandið tekur undir þá forgangsriðun að hækka þak fæðingarorlofsgreiðslna fyrst og huga síðar að lengingu orlofsins. Fyrir liggur mat á því hvað kosta myndi að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla en ljóst er að viðræður þurfa að fara fram á milli ríkis og sveitarfélaga um leiðir til þess að ná því markmiði.

Taka má undir aukna áherslu á snemmtæka íhlutun í málefnum barna. Miðað við samtöl sem fulltrúar sambandsins hafa átt við félags- og jafnréttismálaráðherra um það málefni kemur á óvart að eina aðgerðin sem fyrirhuguð er á þessu sviði er viljayfirlýsing þriggja ráðherra sem undirrita á árin 2019 til 2020.

Sambandið hefur oftsinnis vakið athygli á málefnum barna með fjölþættan vanda. Það er ánægjuefni að í framtíðarsýn og meginmarkmiðum á þessu málefnasviði skuli vera tæpt á þessi mál og að huga eigi að samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga um stefnumótun. Mikilvægt er að meðferðarúrræði verði sem fyrst tekið í notkun fyrir börn með fjölþættan vanda. Vert er hins vegar að árétta að það leysir lítinn vanda að sveitarfélög skipi málstjóra eða samhæfingaraðila ef stofnanir ríkisins halda áfram að firra sig ábyrgð á vandamálum þessa tiltölulega fámenna en erfiða hóps. Sambandið hefur margítrekað mikilvægi nýrrar nálgunar í þessu sambandi og lagt áherslu á þörf fyrir samstarf stofnana ríkis og sveitarfélaga um málefni þessara einstaklinga.

Sambandið tekur undir markmið um málefni flóttamanna og hælisleitenda og aukið samstarf milli þjónustuaðila á þeim vettvangi. Gerð er þó athugasemd við markmiðssetningu um að öll sveitarfélög með fleiri en 1000 íbúa skuli setja sér móttökuáætlun vegna flóttafólks og telur sambandið þar vera skotið yfir markið. Eitt af því sem ekki er búið að leysa á fullnægjandi hátt er fyrirkomulag þjónustu við hælisleitendur á meðan umsóknir þeirra

um hæli bíða afgreiðslu og eftir að þeir fá dvalarleyfi. Hælisleitendur, sem búa á móttökumiðstöðvum sem Útlendingastofnun rekur í Reykjavík, Hafnarfirði og í Reykjanesbæ, missa oftast húsnæði og framfærslueyri um leið og þeir fá dvalarleyfi. Er þeim þá vísað á þjónustu sveitarfélaga án þess að fyrir liggja samningar milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélög eigi að þjónusta fólkið og án samráðs við viðkomandi sveitarfélag. Húsnæðismál þessa fólks er eitt alvarlegasta vandamálið sem við er glímt, því það hefur hvorki forsendur til að fá húsnæði á almennum leigumarkaði né í félagslega húsnæðiskerfinu þar sem eru langir biðlistar. Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu fyrir þennan hóp sem velferðarráðuneytið gaf út í maí 2014, eru ófullnægjandi, jafnt hvað varðar inntak sem framkvæmd. Á grundvelli reglnanna eru ákveðnir kostnaðarliðir sveitarfélaga endurgreiddir en í takmarkaðra mæli en á við um kvótaflóttamenn. Það er brýnt að setja nýjar reglur og skilgreina verkferla um samráð og samvinnu á milli Útlendingastofnunar, velferðarráðuneytisins og stofnana þess svo sem Fjölmeningarseturs, dómsmálaráðuneytisins og sveitarfélaga.

Áskoranir eru þó ekki einskorðaðar við hælisleitendur og flóttamenn. Fólksflutningar milli landa á grundvelli EES-samningsins geta einnig haft umtalsverð áhrif á kerfi félagslegrar aðstoðar, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Áriðandi er að þessi áhrif verði rýnd og fullnægjandi ákvæði tekin upp í reglugerð til þess að bregðast við þegar áhrifin nálgast staðbundin þolmörk.

Áhersluatriði sambandsins. Brýnt er að ljúka gerð tillagna um samræmda móttöku flóttamanna þar sem áhersla verði lögð á samvinnu opinberra aðila við að mæta auknum verkefnum og stærri hópum. Gera verður ráð fyrir viðbótarfjárveitingum í takti við þá þróun.

30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Samband íslenskra sveitarfélaga fer með samningsumboð fyrir sveitarfélög landsins gagnvart fjölmörgum stéttarfélögum. Sambandið hefur því mikilla hagsmuna að gæta er varðar stöðugleika á vinnumarkaði og nýja og betri nálgun að kjarasamningum. Sambandið tekur því heilshugar undir áform um að efla embætti Ríkissáttasemjara m.a. með víðtækari sáttamiðlunarþjónustu á vegum þess embættis.

Í fjármálaáætluninni kemur fram að einstaklingum sem metnir eru með a.m.k. 75% örorku hafi fjölgað úr 18.107 árið 2016 í 18.788 eða um 3,8%. Þetta er mikið áhyggjuefni ekki síst í ljósi aukinna umsvifa á sviði starfsendurhæfingar.

Áhersluatriði sambandsins. Brýnt er að efla embætti Ríkissáttasemjara með víðtækari sáttamiðlunarþjónustu.

31. Húsnæðisstuðningur

Kaflinn um húsnæðismál er rýr að vöxtum og ber þess mjög merki að gert er ráð fyrir að stefnan í húsnæðismálum bíði kjarasamninga í upphafi næsta árs.


Á meðal brýnna aðgerða á þessu málasviða er að auka fjárheimildir til stofnframlaga ríkisins á áætlunartímabilinu.

Vert er að nefna að leiga á íbúðarhúsnæði til ferðamanna hefur aukið spennu á húsnæðismarkaði um land allt. Rannsóknir á vegum Seðlabanka Íslands leiða þannig í ljós að útleiga til ferðamanna hafi hækkað raunverð íbúðarhúsnæðis um 2% á ári undanfarin þrjú ár. Brýnt er að hamla gegn þessari þróun, m.a. á grundvelli tillagna Ferðamálaráðs sem nú eru til vinnslu í atvinnuvegaráðuneytinu, og þá ekki síst með virku skatteftirliti.

Áhersluatriði sambandsins. Auka þarf fjárheimildir til stofnframlaga ríkisins. Sporna þarf gegn aukinni leigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna á grundvelli tillagna Ferðamálaráðs.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson

framkvæmdastjóri

